

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2020

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna póstmála (flutningur póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar).**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreindra frumvarpsdraga, sem birtust í samráðsgátt stjórnvalda 23. október sl. Félagið telur þá tillögu, sem í frumvarpinu felst, að færa eftirlit með póstmálum frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar, ranga og vanhugsaða og færir fyrir því eftirtalin rök.

**I. Sérfræðipækking og reynsla glatast**

Póst- og fjarskiptastofnun hefur starfað frá árinu 1997 eða í 23 ár. Á þeim tíma hefur byggzt upp sérfræðipækking, reynsla, tengsl (til dæmis við erlendar stofnanir) og stofnanaminni sem skiptir miklu máli til að stofnunin geti sinnt eftirliti sínu með póstmarkaðnum með skilvirkum hætti.

Færsla eftirlitsins á milli stofnana og landshluta er líkleg til að valda því að þessi verðmæti í rekstri stofnunarinnar glatist og byrja þurfi að byggja þau upp frá grunni. FA sér engin góð rök fyrir þeim æfingum. Mikilvægt er að eftirlit með samkeppni á póstmarkaði sé skilvirkt, ekki sízt í ljósi núverandi stöðu, þar sem ríkisstyrktur risi á brauðfótum, Íslandspóstur, drottinnar enn yfir markaðnum og einkareknir keppinautar eiga oft en ekki undir högg að sækja.

**II. Togstreita á milli hlutverka**

Hlutverk Byggðastofnunar, samkvæmt lögum um stofnunina nr. 106/1999, er að „efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.“ Samkvæmt lögnum á stofnunin að fjármagna verkefni og veita lán með það að markmið að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Byggðastofnun er ekki hlutlæg eftirlitsstofnun heldur stofnun sem framkvæmir pólitíska stefnu stjórnvalda um uppbyggingu í þágu byggðar og útbýtir fé skattgreiðenda til slíkra verkefna.

Með þeirri breytingu, sem lögð er til með frumvarpsdrögum, yrði Byggðastofnun líka eftirlitsstofnun og hefði það hlutverk að stuðla að samkeppni og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á mörkuðum póstpjónustu.

Þessi tvö hlutverk fara ekki vel saman og gera má ráð fyrir að á milli þeirra yrði stöðug togstreita. Tökum sem dæmi að alþjónustuveitandi á sviði póstdreifingar vilji hagræða í rekstri sínum með fækkun afgreiðslustaða og stöðugilda úti um land til að draga úr taprekstri og þar með þörf á að skattgreiðendur leggi rekstrinum til fé. Ætti stofnunin, sem hefur beinlínis það

hlutverk að verja fé skattgreiðenda til að byggja upp starfsemi og fjölga störfum úti um land, að leggja blessun sína yfir slík áform?

Í greinargerð með frumvarpsdrögum er vitnað til þess að við setningu nýrra póstlaga, sem tóku gildi um áramót, hafi Alþingi bætt inn í lögina ákvæði um að gjaldskrár fyrir alþjónstu pósts skuli vera þær sömu um allt land og þannig séu byggðasjónarmið orðin veigameiri þáttur í verkefnum stofnunarinnar tengdum póstmálum.

Hér gleymist að áður nefnt lagaákvæði hefur einmitt valdið bæði núverandi alþjónustuveitanda, Íslandspósti, og núverandi eftirlitsstofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, miklum hausverkjum. Það stangast nefnilega að sumu leyti á við annað ákvæði póstlaganna, um að gjaldskrár alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna, að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Það er nýmæli að gjaldskrá fyrir pakkadreifingu skuli vera sú sama um allt land og þegar Íslandspóstur stóð frammi fyrir því verkefni að birta slíka gjaldskrá um síðustu áramót, var tekinn sá kostur að undirverðleggja þjónustuna svo nemur tugum prósentu á sumum dreifingarsvæðum, sem er augljóslega samkeppnishamlandi athæfi. Í fjölmiðlaviðtali viðurkenndi þáverandi forstjóri alþjónustuveitandans að um undirverðlagningu væri að ræða, en útskýrði þá ákvörðun þannig: „Það var bara vegna þess að annars hefðum við þurft að hækka [verðið] svo mikið hérna í Reykjavík að þá hefðum við einfaldlega kippt rekstrargrundvöllinum undan fyrirtækinu.“<sup>1</sup>

Einkarekin flutningafyrirtæki hafa um árabíl veitt Íslandspósti samkeppni í pakkaflutningum. Með nýju gjaldskránni fer verð Íslandspósts fyrir dreifingu á sumum leiðum og svæðum enn lengra undir verð einkarekinna keppinauta en áður. Niðurstaðan er í meira lagi sérkennileg byggðastefna; beinlínis er grafið undan rekstri einkafyrirtækja, sem hafa treyst sér til að halda úti neti pakkadreifingar til þéttbýlisstaða um allt land án ríkisstyrkja, með því að undirverðleggja þjónustu hins ríkisrekna póstfyrirtækis, sem svo biður um framlög frá skattgreiðendum upp á hundruð milljóna til að mæta tapinu, á þeim grundvelli að um kostnað vegna alþjónustu sé að ræða.

Póst- og fjarskiptastofnun kallaði eftir því að Íslandspóstur sýndi fram á að gjaldskráin væri lögmæt með tilliti til hugsanlegrar undirverðlagningar, en hefur enn ekki komið að niðurstöðu í málinu, enda er stofnuninni talsverður vandi á höndum að eiga að hafa eftirlit með framkvæmd laga sem fela í sér innri togstreitu.

Þetta er rakið hér til að varpa ljósi á þann vanda sem byggða/eftirlitsstofnunin stæði frammi fyrir þegar hún ætti að taka afstöðu til lögmætis gjaldskrár alþjónustuveitandans í sambærilegu máli. Myndi hún taka hlutverk sitt sem eftirlitsstofnunar með samkeppni og réttmætum viðskiptaháttum fram yfir hlutverk sitt sem byggðastofnunar – eða öfugt?

<sup>1</sup> Jón Sigurðsson Nordal, 15. október 2010: „*Tilvera Íslandspósts er umdeilanleg*“. Sótt 3. nóvember 2020 á

[https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2020/10/15/tilvera\\_islandsposts\\_er\\_umdeilanleg/](https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2020/10/15/tilvera_islandsposts_er_umdeilanleg/)

### III. Valdmörk gagnvart Samkeppniseftirlitinu


Skörun hefur verið á hlutverki Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins, eðli málsins samkvæmt. Það hefur stundum komið niður á eftirlitinu og flækt réttarstöðu fyrirtækja, sem hafa talið á sér brotið, að stofnanirnar hafa jafnvel vísað hvor á aðra og mál fallið niður á milli. Með tímanum hafa þó orðið til samskiptareglur og samstarf stofnananna slípað.

FA telur misráðið að ætla að fela nýrri stofnun eftirlit með samkeppnisháttum í pósthæð og hefja þannig upp á nýtt vinnu við afmörkun valdsviðs hvorrar stofnunar um sig. Gildir þá einu þótt í frumvarpsdrögunum sé kveðið á um að Byggðastofnun og Samkeppnisstofnun [svo] skuli setja sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem geta bæði fallið innan marka laga um póstmál og samkeppnislaga.

### IV. Að lokum

Eins og ráða má af ofanrituðu telur Félag atvinnurekenda þá breytingu, sem lögð er til í frumvarpsdrögunum, hið mesta óráð og leggst eindregið gegn henni. Félagið mælir því ekki með því að neitt verði gert við þetta plagg annað en að leggja það til hliðar. Að því sögðu áskilur félagið sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum málsins og er að sjálfsgöðu reiðubúið til skrafs og ráðagerða með ráðuneytinu um samkeppni á pósthæð eins og endranær.

Virðingarfyllt,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA